

Nr. 094 / 10 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1585
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. júní 2010 var Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10 á togveiðum á Suðvesturmiðum. Veður: Hægviðri.

Skipverjar voru að taka trollið en gamall grandaravír var flæktur í því og var hann greiddur úr og fjarlægður áður en trollið var látið fara aftur. Þegar skipverjar voru að handlanga vírinn aftur á þilfarið stakkst gaddur úr honum í hægra hné eins þeirra.

Hann kenndi sér lítils meins og hélt áfram störfum en þegar leið frá fór hann að finna til í hnénu og það byrjaði að bóligna. Hann leitaði læknis í næstu inniveru sem var tveimur dögum síðar og kom þá í ljós að sýking hafði komið frá stungunni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.